



Borgarráð

Samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Lambhagavegi 12 í Reykjavík

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samkomulagi Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignaskóðs annars vegar og hins vegar Löður ehf. vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Lambhagavegi 12 í Reykjavík.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Lambhagavegi 12 í Reykjavík, drög.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480- 0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík, annars vegar og hins vegar Löður ehf. hf., kt. 580912-0280, Fiskislóð 29, 101 Reykjavík, hér eftir nefndur lóðarhafi, gera með sér svofellt

samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Lambhagavegi 12 í Reykjavík

1. gr.

Inngangur

Löður ehf., lóðarhafi að lóðinni Lambhagavegi 12, landeignanúmer L216925, hefur hug á frekari uppbyggingu og breyttri nýtingu á lóðinni.

Af því tilefni gera Löður ehf. annars vegar og Reykjavíkurborg hins vegar með sér samkomulag þetta.

Lóðin Lambhagavegur 12 er óbyggð. Stærð lóðar er 3.918 m² samkv. þjóðskrá. Heimilt byggingarmagn samkvæmt deiliskipulagi er 1.030 m².

Samkvæmt hugmyndum lóðarhafa að uppbyggingu á lóðinni er að byggð verði bílaþvottastöð með einni eldsneytisdælu til þjónustu fyrir tvær bifreiðar samtímis ásamt einni hraðdælu eingöngu fyrir stærri bíla og tæki.

2. gr.

Deiliskipulagsgerð og lóðarsamningur

Lóðarhafi mun láta vinna nýja deiliskipulagstillögu fyrir lóðina Lambhagavegur 12 vegna uppbyggingar sem miðar að því að á lóðinni verði bílaþvottastöð og eldsneytisdælu. Tillagan verði unnin í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg mun láta vinna breytingar á aðalskipulagi verði þörf á því.

Lóðin Lambhagavegur 12 er 3.918 m². Gert verði ráð fyrir að lóð verði að mestu óbreytt að stærð og lögun eftir deiliskipulagsbreytingu.

Löður ehf. mun heimila Orkunni IS ehf. að setja upp á lóð sinni að Lambhagavegi 12 eina eldsneytisdælu fyrir 2 bifreiðar samtímis ásamt einni hraðdælu eingöngu fyrir stærri bíla og tæki enda mun lóðarhafi láta vinna breytingu að deiliskipulagi til að koma á mótis við þarfir Orkunnar IS ehf. Gert verði ráð fyrir sjálfsafgreiðslustöð.

Reykjavíkurborg mun vinna að því í samvinnu við lóðarhafa að fá heimild til rekstur eldsneytisstöðvar fyrir eldsneytisdælu. Verði því ekki viðkomið getur lóðarhafi sagt upp samkomulagi þessu með þriggja mánaða fyrirvara.

Búið er að gefa út lóðarleigusamning sem gildir í 50 ár frá 1. ágúst 2018. Hefðbundinn lóðaleigusamningur fyrir Lambhagaveg 12, sem er leigulóð, verður gefinn út á ný komi til þess að lóðarfi óski eftir að koma fyrir eldsneytisdælum með ákvæði um að heimild fyrir eldsneytisdælu verði bundin við 20 ár.

Breytt fyrirkomulag lóðar, nýting, byggingarmagn og nýtt deiliskipulag fyrir Lambahagaveg 12 er háð samþykki skipulags- og samgönguráðs og borgarráðs.

4. gr.

Uppsögn

Lóðarhafi mun leggja fram tillögu að deiliskipulagi lóðar innan árs frá undirritun samkomulags þessa. Hafi nýtt deiliskipulag ekki verið staðfest innan tveggja ára frá því að tillaga lóðarhafa var lögð fram er hvorum aðila um sig heimilt einhliða að segja samkomulagi þessu upp með þriggja mánaða fyrirvara.

5. gr.

Lagnir

Komi til þess vegna breytinga og uppbyggingar á lóðinni Lambhagavegs 12 að flytja þurfi spennistöð eða lagnir veitustofnanna skal lóðarhafi bera kostnað við þann flutning.

Heimilt er að þinglýsa samkomulagi þessu á lóðina Lambhagaveg 12, landeignanúmer L216925.

Reykjavík, [dags.]

F.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

F.h. Löðurs ehf.

Vitundarvottar að rétttri
dags., undirskrift og fjárræði aðila:

Kt.

Kt